

Vestur og að vestan.

Það var seint í Marzmánuði, sem eg lagði af stað frá Souris. Snjóinn var á jörðunni og frostið og kuldinn í loftinu. Þó sáust dökkir blettir þar sem akrar voru plægdir, og þændurnir voru orðnir óþreyjufullir yfir því að geta ekki farið að sá, en vonaðust eftir að hver kuldadagurinn yrði sá síðasti. Það var um nótta, sem eg fór á lestina í Rugby. Eg hafði sent málþráðaskeyti um daginn til Grand Forks um svefnpláss, og fór því að sofa, er eg kom á lestina, og vaknaði ekki fyrri en eg var nálægt landamærum Dakota og Montana. Eg leit út og sá ekkert nema eyðisléttu með smá holtum snjóþakta, og þar sem eg hafði vonast eftir að snjóinn minkaði, þegar vestar dró, þá var hann öllu meiri, því að hér sá varla nokkurstæðar á dökkan díl. Húsin voru fá og langt á milli. Porpin smá og óveruleg, lítið betri en hænsakofar sumt af þeim. Eg horfði og horfði út um gluggann allan daginn, svo mér varð illt í höfðinu; eg var að vonast eftir að sjá einhverja stóru hjörðina en eg sá enga. Eg taldi hvern smáhóp af gripum, sem eg sá með fram brautiuni, og eg sá engan stærri en milli 50 og 60 gripi. Hjarðirnar hafa hlotið að vera einhversstæðar annarsstæðar, eg sá þær ekki. Yfir alla Montana var það þannig, oft margar milur á milli húsa. Þetta var ein grasivaxin eyðimörk, köld og freðin undir hinni hvítu blæju. Um tíma fórum við fram með Missouri-fljótinu og voru það dálítil tilbrigði, voru ísskánir á því sumstaðar, en mér sýndist það óásjálegt og lítið. Við vorum orðnir langt á eftir tímanum og fanst mér lestin dragnast áfram rétt eins og væri hún að uppgefást. Sannarlega varð eg feginn að fara að sofa um kvöldið, og engin sá eg fjöllin þann dag.

Um morguninn vaknaði eg við það, að lestin stöðvaðist hastarlega. Eg leit út og sá að það var slidduveður og bleytuhríð og að við vorum í grafning miklum og voru hólar stórir í kring. Frétti eg svo að aurskriða nokkur hafi hlaupið á lestinu og brotið eitthvað einn vagninn. Þarna sáum við 5 kl.-